

Nd.

130. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 42/1943, um dýrtíðarráðstafanir.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Á eftir 4. gr. laganna komi ný grein, svo hljóðandi:

Verð það á landbúnaðarafurðum, sem ákveðið er af nefndinni, skal teljast meðalverð, sem ekki raskar ákvörðunum um mismunandi verð til framleiðenda innan mjólkursölusvæða samkvæmt lögum nr. 1 frá 7. jan. 1935, um meðferð og sölu mjólkur og rjóma, og breytingum á þeim lögum, nr. 66 frá 1937, né ákvæðum um misjafnt verð innan einstakra vöruflokka samkvæmt þeim reglum og ákvörðunum um gæðamat, sem gilda á hverjum tíma.

Greinargerð.

Við athugun á dýrtíðarlögum og álitsgerð 6 manna nefndarinnar hefur komið í ljós, að í lögum vantar skýrari ákvæði um, að verðjöfnunarákvæði mjólkurlaganna gildi framvegis. Enn fremur að samkomulag 6 manna nefndarinnar raski ekki reglum, er gilt hafa um mismunandi verðlag eftir gæðum vörunnar og eru nauðsynlegur þáttur í baráttunni fyrir vöruvöndun og vörugæðum.

Frv. hefur verið borið undir þá nefndarmenn 6 manna nefndarinnar, sem staddir eru í bænum, og kom nefndarmönnum saman um, að þetta væri aðeins ýtarlegri skýring á greinargerð nefndarinnar og í fullu samræmi við það, er fyrir henni vaki. — Frv. er flutt samkv. ósk stjórnar Mjólkursamsölnunnar.